



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA
FORNLEIFADEILD

Fornleifakönnun vegna vegaf framkvæmda á Uxahryggjaleið



Ragnar Edvardsson

Júlí 2005
NV nr. 10-05

Náttúrustofa Vestfjarða
Aðalstræti 21
415 Bolungarvík

Sími: 4567005
Fax: 4567351

Kennitala: 610397-2209
Netfang: nave@nave.is
Heimasíða: <http://www.nave.is>

1. Inngangur	3
2. Skrá yfir fornleifar	3
3. Niðurstöður	5
4. Kort og myndir.....	7

1. Inngangur

Að beiðni Vegagerðarinnar tók Náttúrustofa Vestfjarða að sér að kanna fornleifar á framkvæmdarsvæði Vegagerðarinnar á Uxahryggjaleið. Fornleifakönnun fór fram dagana 23.- 24. júlí 2005 og framkvæmdi Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur könnunina.

Tilvonandi veglína er um 9000 metra löng og liggur frá Litla Brunnavatni og nær u.þ.b. 700 m suður af Ornavöllum. Þrjár veglínur eru lagðar til; veglína 1 sem fylgir nokkurn veginn gamla vegstæðinu, veglína 2 og 2b sem liggja aðeins austar en veglína 1 og í jaðri hraunbreiðu, austan megin á framkvæmdarsvæðinu.

2. Skrá yfir fornleifar

Við fornleifakönnun var þeirri aðferð beitt að öllum veglínunum var fylgt og u.þ.b. 300 metra svæði frá miðlínu vegar var skoðað sérstaklega. Allar minjar sem fundust voru staðsettar með differential gps stöð, ljósmyndaðar og þeim lýst. Hér fyrir neðan fylgir listi yfir þær minjar sem fundust við könnunina og í þessum lista er gefið hættumat fyrir hvern minjastað.

Nr. 1. Varða

Steinhrúga sem sennilega er leifar vörðu. Stendur um það bil 20 – 30 metra suðvestan veglínu 1. Stærð 1 * 3 m og 1 m á hæð.

Hættumat: Hætta.

Nr. 2. Varða

Varðan er gerð úr stórum steinum og er hún byggð ofan á stóran stein. Í u.þ.b. 300 m frá veglínu 1. Varðan 1.30 á hæð og 0.50 * 1 m að ummáli.

Hættumat: Engin hættu.

Nr. 3. Varða

Varðan er gerð úr flötum steinum og situr á hringlaga grunn. Hæð 2 m, lengd og breidd 3m. Varðan stendur upp á hæðinni norðan við Biskupsbrekkur.

Hættumat: Engin hættu.

Nr. 4. Varða

Gerð úr flötum steinum og er grunnur hennar hringlaga. Lengd: 1m, breidd: 1m, hæð: 1m. Varðan eru um 70 m frá veglínu 1.

Hættumat: Engin hættu.

Nr. 5. Varða

Lítill strýtulaga varða sem stendur rétt austan veglínu 1. Lengd: 1.5 m, breidd: 1 m, hæð: 1,5 m.

Hættumat: Hætta.

Nr. 6. Varða

Stór steinhlaðin varða sem stendur u.þ.b. 700 m austur af Uxarvatni, norðan gamla vegarins. Hæð: 2.5 m, breidd: 1.5 m, lengd: 1.5 m.

Hættumat: Engin hætta

Nr. 7. Varða

Steinhlaðin varða sem stendur norðan við Uxarvatn og gamla vegarins. Lengd: 1 m, breidd: 1 m, hæð: 1.2 m.

Hættumat: Engin hætta.

Nr 8. Varða

Varða hlaðin úr nokkrum stórum steinum í u.þ.b. 20 metra frá miðlínu veglínu 2 og 3. Varðan stendur á hraunhellu og er u.þ.b. 0.50 m á lengd og breidd og 0.80 m að hæð.

Hættumat: Hætta.

Nr 9. Varða

Varða hlaðin úr hraunsteinum svipar til nr. 8 en aðeins stærri. Stendur alveg við veglínu 2. Grunnur vörðunnar er ferhyrndur. Lengd og breidd um 1 m og hæð um 1 m.

Hættumat: Hætta.

Nr 10. Varða

Varða hlaðin úr hraunsteinum, strýtulaga og stendur u.þ.b. 140 m austur af veglínu 2. Grunnflötur vörðunnar er um 1*1 m og hæð um 1.20 m.

Hættumat: Hætta.

Nr. 11. Varða

Varða hlaðin úr hraunsteinum og er hluti hennar hruninn. Varðan stendur um 150 m frá veglínu 2 og um 190 m norður af vörðu 10. Grunnflötur vörðunnar er um 80 * 80 m en upphafleg hæð óviss.

Hættumat: Hætta.

Nr. 12. Varða

Varða hlaðin úr hraunsteinum og stendur hún um 70 m norður af vörðu nr.11 og 180 m austur af veglínu 2. Grunnflötur vörðunnar er u.þ.b. 1 * 1 m og er hún um 1.20 m á hæð.

Hættumat: Engin hætta.

Nr. 13. Varða

Varða hlaðin úr hraunsteinum og stendur hún um 390 m norður af vörðu nr.11 og 300 m austur af veglínu 2. Grunnflötur vörðunnar er u.þ.b. 1 * 1 m og er hún um 1.50 m á hæð.

Hættumat: Engin hætta.

Nr. 14. Varða

Varða hlaðin úr hraunsteinum og stendur hún um 700 m norður af vörðu nr.11 og 250 m austur af veglínu 2. Grunnflötur vörðunnar er u.þ.b. 1 * 1 m og er hún um 0.80 m á hæð.

Hættumat: Engin hætta.

Nr. 15. Varða

Varða hlaðin úr hraunsteinum og stendur hún um 120 m norður af vörðu nr.11 og 90 m austur af veglínu 2. Grunnflötur vörðunnar er u.þ.b. 1 * 1 m og er hún um 0.50 m á hæð.

Hættumat: Engin hætta.

Nr. 16 Varða

Varða hlaðin úr hraunsteinum og stendur hún um 220 m norður af vörðu nr.11 og um 100-130 m vestur af veglínu 2. Grunnflötur vörðunnar er u.þ.b. 0.50 * 0.50 m og er hún um 0.40 m á hæð.

Hættumat: Engin hætta.

Nr. 17 Reiðgata

Gömul reiðgata liggur frá Ormavöllum að Biskupsbrekku og liggur hún austanmegin við malarhrygg sem er austan við veglínu 1 frá Tröllhálsi að Sandvatnakvísl. Gatan sést greinilega á nokkrum stöðum frá Ormavöllum að Sandvatnakvísl en frá kvíslunum að Biskupsbrekku er hún mjög greinileg. Leið 2 og 2b liggja nokkurnvegin á sömu slóðum og gatan.

Hættumat: Hætta

Nr. 18. Sæluhús

Við Biskupsbrekkur stóð fyrrum sæluhús sem nú er löngu horfið. Sæluhúsið stóð nokkurn vegin þar sem að kross hefur verið reistur til minningar um Jón Vídalín biskup.

Hættumat: Engin hætta.


3. Niðurstöður

Við fornleifaskráningu á Uxahryggjaleið fundust 18 minjastaðir. Af þeim voru 16 vörður, 1 gata og 1 sæluhús. Minjastöðum stafar mest hætta af leið 2 og 2b þar sem að veglínurnar fylgja að mestu gömlu reiðgötunni frá Ormavöllum að Biskupsbrekku. Hægt er að koma í veg fyrir rask á flestum vörðum á þessari leið og eru það eingöngu vörður 8 – 12 sem eru í einhverri hættu.

Leið 1 fylgir að mestu gamla vegstæðinu fyrir utan nyrst og syðst á svæðinu og stafar minjastöðum minnst hætta á þeirri leið. Á leið 1 eru 2 vörður sem eru innan 20 m frá veglínu (nr. 1 og 5). Ein varða er á hæð fyrir ofan Biskupsbrekku (3) og stafar henni engin hætta af framkvæmdum.

Áætlað er að efnistaka fari fram á 6 stöðum á framkvæmdarsvæðinu og fundust engar minjar á þessum stöðum fyrir utan rétt vestan við efnistökusvæði F sem er sunnan við Litla Brunnavatn. Á þessu svæði er varða (5) og er hún í u.þ.b. 30 metra fjarlægð frá námusvæðinu.

4. Kort og myndir.



Kort 1. Minjastaðir á framkvæmdarsvæðinu.



Mynd 1. Varða 1.



Mynd 2. Varða 2.



Mynd 3. Varða 3.



Mynd 4. Varða 4.



Mynd 5. Varða 5.



Mynd 6. Varða 6.



Mynd 7. Varða 7.



Mynd 8. Varða 8.



Mynd 9. Varða 9.



Mynd 10. Varða 10.



Mynd 11. Varða 11.



Mynd 12. Varða 12.



Mynd 13. Varða 13.



Mynd 14. Varða 14.



Mynd 15. Varða 15.



Mynd 16. Varða 16.